

## Aðalfundur Alnæmisbarna, 29. mars 2006

Haldinn í húsi Rauða Kross Íslands, Efstaleiti 9, Reykjavík

### 1. Aðalfundarstörf

#### Kosning fundarstjóra

María býður fundarmenn velkomna og lagði til að Þórunn tæki að sér fundarstjórn og Bjarni Reyr yrði fundarritari. Tillaga Maríu var samþykkt með lófaklappi.

#### Skýrsla stjórnar Alnæmisbarna

Á aðalfundi Alnæmisbarna 31. mars 2005 var samþykkt lagabreytingartillaga um að fjölga um tvo í stjórn félagsins, úr fimm í sjö. Á fundinum voru María J. Gunnarsdóttir, Bjarni Reyr Kristjánsson og Guðlaugur Þór Pálsson kosin til tveggja ára, en Hildur Gestsdóttir og Benedikt Steingrímsson til eins árs. Benedikt, Hildur og Guðlaugur Þór voru kjörin í fyrsta sinn í stjórnina en Hildur hafði starfað með stjórninni frá því að Erla Halldórsdóttir féll frá í árslok 2004. Þá sátu áfram í stjórn Helga Tulinius og Þórunn Sveinbjarnardóttir sem höfðu báðar verið kjörnar til tveggja ára á stofnfundinum árið 2004.

Stjórnin skipti þannig með sér verkum að Þórunn var áfram formaður hennar, María gjaldkeri og Bjarni Reyr ritari, þá tók Hildur við varaformennskunni auk þess að vera aðaltengiliður stjórnar við Candle Light Foundation (CLF), en aðrir voru meðstjórnendur. Þess ber að geta að stjórn Alnæmisbarna hefur átt mjög gott samstarf við Gest Gíslason sem situr í stjórn CLF og hefur haft tök á því að ferðast til Kampala og vera Rosette Nabuuma, frkvstj. CLF, til ráðgjafar og aðstoðar.

Stjórnin setti sér í byrjun starfsárs þau markmið að sækja um áframhaldandi rekstrarstyrk fyrir Candle Light Foundation til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Umsókn var send til ÞSSÍ sl. sumar og henni fylgt eftir við framkvæmdastjóra stofnunarinnar. Rekstrarstyrkur fékkst fyrir þetta ár, 2006, að upphæð 15.000 Bandaríkjadóllarar. Styrkurinn skiptir miklu máli fyrir rekstur Candle Light Foundation. Verði ekki framhald á styrkveitingu frá ÞSSÍ þarf að afla þessa fjár með öðrum hætti hérlendis.

Það er stjórn Alnæmisbarna kappsmál að skjóta frekari stoðum undir starfsemi CLF með samstarfi við félagasamtök eða hjálparstofnanir sem staðsettar eru í Úganda. Af því er ákveðið hagræði og öryggi. Erla heitin Halldórsdóttir stofnandi CLF dvaldi langdvölum í Kampala til þess að sinna CLF en enginn núverandi stjórnarmanna hefur getað fyllt það skarð og því höfum við leitað annarra leiða til þess að sinna CLF sómasamlega.

Á liðnu starfsári var hafinn undirbúningur að samstarfi við Barnaheill á Íslandi um hugsanlega þátttöku Save the Children fund (SCF) í Úganda í starfsemi CLF. Í bígerð er að fulltrúar Alnæmisbarna og Barnaheilla ferðist saman til Kampala til þess að kanna möguleika á samstarfi á vettvangi ásamt

fulltrúum SCF þar í landi. Stjórn Alnæmisbarna bindur nokkrar vonir við að með slíku samstarfi sé tryggður betri stuðningur og aðhald við starf CLF í Kampala.

Frá upphafi hafa um 60 ungar konur notið aðhlyningar og aðstoðar Candle Light Foundation. Skjólstaðingar CLF eru nú 29 talsins, þar af ganga 14 í skóla. Nú fá þær stúlkur sem á því þurfa að halda sín alnæmislyf ókeypis en stjórnvöld í Úganda bjóða HIV-smituðum lyfjagjöf án endurgjalds. Sem fyrr er Rosette Nabuuma framkvæmdastjóri CLF en auk hennar vinna þar þrír starfsmenn. Frá því í haust hefur styrkur sem UNIFEM veitti Alnæmisbörnum verið nýttur til þess að greiða fyrir hálfu kennarastöðu hjá CLF. Þannig njóta stúlkurnar sem starfa við kertagerðina kennslu m.a. í lestri og skrift, auk sauma eða annars sem nýtist þeim vel. Hildur hefur sem fyrr segir verið aðaltengiliður stjórnarinnar við Rosette Nabuuma og stúlkurnar í CLF og gert okkur kleift að fylgjast náið með því hvernig hverri og einni reiðir af í starfi og skóla.

Félagið stóð fyrir tveimur opnum félags- og fræðslufundum fyrri hluta vetrar. Fyrri fundurinn var haldinn 29. sept. sl. og bar yfirskriftina „Að lifa með alnæmi“. Gestur fundarins, Sigurlaug Hauksdóttir, félagsráðgjafi HIV-smitaðra hér á landi, fræddi fundarmenn um aðstæður HIV-smitaðra á Íslandi. Þá sagði Gestur Gíslason fréttir af starfi CLF en hann hafði ferðast til Kampala um sumarið. Seinni fundurinn var haldinn 8. des. sl. og bar yfirskriftina „Líf með alnæmi – hlutskipti kvenna“. Fundurinn var hluti af 16 daga átaki gegn ofbeldi sem UNIFEM stóð fyrir ásamt fjölmörgum félagasamtökum 25. nóv. til 10. des. Átakið beindist sérstaklega að baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi. Á fundinum fjölluðu Þórdís Sigurðardóttir, ÞSSÍ, og Nína Helgadóttir, Rauða krossi Íslands, um áhrif alnæmisfaraldursins á störf samtaka þeirra í sunnanverðri Afríku.

Vefsetur Alnæmisbarna, [www.hiv-born.is](http://www.hiv-born.is), hefur verið uppfært reglulega. Þar er m.a. að finna myndir af stúlkunum sem njóta aðstoðar CLF ásamt helstu upplýsingum um þær. Einnig er þar að finna margvíslegan fróðleik um alnæmisfaraldurinn og áhrif hans. Bjarni Reyur hefur haft veg og vanda af vefsetrinu.

Þann 12. mars sl. ferðaðist Sigríður Baldursdóttir, meistaranemi í mannfræði í Svíþjóð, til Kampala til þess að dvelja hjá Rosetto og stúlkunum í CLF og vinna að rannsóknaverkefni um starfið um nokkurra vikna skeið. Stjórn Alnæmisbarna veitti henni ferðastyrk að upphæð 50 þúsund krónur. Sigríður mun væntanlega gera félögum í Alnæmisbörnum grein fyrir afrakstri vinnu sinnar á félagsfundum næsta vetur.

Alnæmisbörn hafa á liðnu starfsári notið stuðnings og fjárframlaga frá einstaklingum, félagasamtökum og fyrirtækjum. Þeir sem hafa veitt okkur framlög eru Zonta-klúbbarnir Embla og Fjörgyn, UNIFEM á Íslandi, ÍSOR, Orkuveita Reykjavíkur, Síminn, Vaxandi og „Nafnlausir íþróttahópurinn“, að ógleymdum rekstrarstyrk ÞSSÍ. Síðast en ekki síst ber að geta framlaga styrktarfélaganna Alnæmisbarna. Stjórn Alnæmisbarna færir öllum þessum aðilum bestu þakkir fyrir stuðninginn. Án hans væri félaginu ókleift að styðja við bakið á Candle Light Foundation í Kampala.

f.h. stjórnar Alnæmisbarna,

Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður.

Reikningar félagsins lagðir fram

María J. Gunnarsdóttir, gjaldkeri félagsins gerði grein fyrir reikningum félagsins.

Tekjur félagsins voru 1.331.425 kr. Gjöld voru 1.034.446 kr. og tekjuafgangur ársins var því 296.979 kr. Félagar- og styrktarfélagar voru 73. Þar af voru 30 aðilar sem greiddu ákveðna upphæð mánaðarlega. María bendir á að fjáröflun hjá fyrirtækjum er nýhafin og í raun ekki komin almennilega í gang.

Nokkrir aðilar voru að greiða skólagjöld fyrir stelpurnar í gegnum ABC en það er svolítill krókaleið að málinu þannig að Alnæmisbörn hafa tekið að sér að annast þessar greiðslur.

Starfsáætlun og fjárhagsáætlun næsta árs

Þórunn sagði að aðalverkefni Alnæmisbarna væri að styrkja CLF, og tryggja að CLF geti starfað áfram, ekki endilega sjálfbært því þarna fer fram endurhæfing ungra kvenna.

Ferðin með Barnaheillum og sjá hvort hægt verður að finna flöt á þessu verkefni.

Alnæmisbörn sóttu um í pokasjóði en ekki hefur borist staðfesting né svar. Stjórnin verður með angana úti og mun sækja í sjóði sem tengjast málefnum.

Ákvörðun félagsgjalda

Þórunn lagði til að félagsgjöld næsta starfsárs yrðu óbreytt. Það er samþykkt með djúpri þögn.

Lagabreytingar

Tillaga um fjölgun stjórnarmanna úr fimm í sjö. Samþykkt.

Kosning stjórnar og skoðunarmanna reikninga

Þórunn og Benedikt ganga nú úr stjórninni. Hildur var kosinn síðast til eins árs. Tillaga stjórnar er að Hildur verði kosinn áfram til tveggja ára. Í stað þeirra tveggja sem nú ganga út verði kosnar Sigurlaug Hauksdóttir og Ragna Karlsdóttir til tveggja ára. Helga Tulinius verði kosinn til eins árs.

Tillaga stjórnar var samþykkt með lófaklappi. Tillaga um sömu skoðunarmenn reikninga var einnig samþykkt með lófaklappi.

Skipan starfshópa og næstu verkefni þeirra

Kertahópur: Hildur segir frá því að kertahópurinn hittist 1-2 í mánuði. Kertahópurinn hefur selt fyrir um 300.000 kr. á árinu. Það hefur nýst til að kaupa kertamót fyrir CLF. Styrkurinn sem Sigríður fékk til ferðar sinnar kom úr kertasjóðnum. Kertahópurinn hefur ekki náð að anna eftirspurn. 15 manns eru skráðir í hópinn. Það mæta ekki allir alltaf en samt er góð mæting.

Fjáröflunarhópur: Hefur hist einu sinni en er vinnan er enn á frumstigi. Ekki hafa komið inn styrkir út úr þessari vinnu.

## Önnur mál

Gestur nefnir að styrkurinn frá Þróunarsamvinnustofnun átti að dekkja rekstrarkostnaðinn en hann dugar ekki. Húsaleigan stendur af sem er um 200.000 kr á ári. Gestur leggur til að safnað verði fyrir þessu. Viðbótarstyrkur fyrir þessu hefur fengist frá Þróunarsamvinnustofnun en Gestur nefnir að það væri gott að eiga fyrir þessu til að tryggja reksturinn.

## 2. Afhending viðurkenningarskjala til styrktaraðila Alnæmisbarna

Birna Þórarinsdóttir frá UNIFEM, Björg Eysteinsdóttir frá Emblu, Ólafur G. Flóvenz, frá Íslenskum orkurannsóknnum tóku við viðurkenningarskjölum fyrir að styðja myndarlega á bak við Alnæmisbörn. Að loknum liðnum var gert kaffihlé.

## 3. Fréttir frá Candle Light Foundation

Guðlaugur Þór Pálsson sýndi myndir og sagði frá ferð sinni til CLF.

Hildur Gestsdóttir sagði fréttir frá starfi Candle Light Foundation í máli og myndum. Hún tók einnig saman helstu upplýsingar um fjölda stúlkna hjá CLF. Þar kom meðal annars fram að CLF hefur tekið að sér matardreifingu til um 50 götubarna fyrir World Health Organisation (WHO). Sjö utanaðkomandi stúlkur koma og fá kennslu í saumaskap. Í dag eru 25 stelpur í CLF og þær eru á aldrinum 13-25 ára. Þar af eru 10 stúlkur í kertagerðinni en hinar eru í skóla. Vitað er um að fimm stúlkanna eru HIV jákvæðar. Stúlkurnar eiga 10 börn.

Árið 2005 voru 14 í skóla. Sex stúlkur voru í gagnfræðiskóla (S1-S4), ein í barnaskóla (P7), ein í leikskólakennslu, tvær í fatasaum, tvær í matreiðslu, ein í ritaranámi og ein í snyrtifræði. Fjórar stúlkur voru fluttar upp um bekk en ein var látin sitja eftir. Tvær stúlkur hættu námi vegna barnseignar (önnur fór aftur í CLF, hin heim í sveitina). Fjórar stúlkur eru í starfsþjálfun.

Árið 2006 voru átta stúlkur enn í námi frá árinu áður. Sjö stúlkur á vegum CLF hófu nám í ár. Af þessum 15 stúlkum eru 9 í gagnfræðiskóla (S2-S4), 3 í barnaskóla (P5-P7), ein í leikskólakennslu og tvær í hárgreiðslu.

Ein stelpa er hætt hjá CLF. Hún er farin að læra hárgreiðslu og er enn í námi.

Bjarni Reyr Kristjánsson, ritari